

46. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í Vík mánudaginn 8.3. 2019 kl. 11

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Björg Árnadóttir, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn starfandi framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 45. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs

Fundargerðin staðfest með undirritun.

2. Þorvaldseyri

Formaður greindi frá fundi hans með Guðmundi Hjaltasyni hjá Lava Centre. Fyrir liggur að Lava Centre gerir ekki athugasemd við rekstur jarðvangsins á Þorvaldseyri næstu sex mánuði og aðilar muni setjast aftur yfir málið að þeim tíma liðnum. Berglind greindi frá áætluðum kostnaði við að opna á Þorvaldseyri. Athuga með stuðning frá Vinnumálastofnun varðandi kostnað við starfsmenn. Athuga með samstarf við félagasamstök á svæðinu varðandi það að steikja kleinur og hafa til sölu. Ráðstafa 700.000 kr styrk úr Uppbyggingarsjóði til útimerkinga og e.t.v. myndefnis innan dyra. Rætt um hvernig fyrirtækjum innan jarðvangsins yrði sinnt á Þorvaldseyri, m.a. samstarfsfyrirtækjunum, fyrirtækjum innan Markaðsstofu Suðurlands, fyrirtækja innan Vakans. Jarðvangurinn bjóði upp á námskeið á Þorvaldseyri fyrir starfsfólk þessara samstarfsaðila. Samþykkt að stefna að því að opna á Þorvaldseyri 1. júní 2019 og starfrækja gestastofuna í fyrsta áfanga til þriggja mánaða. Gert verði minnisblað nú í vikunni um beiðni til sveitarfélaganna um viðbótarfjármagn vegna þessa. Jafnframt verði stefnt að sameiginlegum fundi sveitarstjórnanna þriggja á Þorvaldseyri síðari hluta maímánaðar.

3. Málefni aðildarsveitarfélaga og jarðvangsins

Festa þarf stöðu jarðvangsins í stjórnkerfi sveitarfélaganna, m.a. á vettvangi skipulagsmála. Skipulagsfulltrúarnir (í umboði sveitarstjórna) eru hér lykilaðilar. Æskilegt að jarðvangurinn sé með starfsmann í hverju sveitarfélagi.

4. Starfsmannamál

Athugað verði með ráðningu starfsfólks á Þorvaldseyri í framhaldi af viðbrögðum sveitarfélaganna.

5. Önnur mál

Fleira ekki, og fundi slitið kl. 13:20

Anton Kári Halldórsson
Eva Björk Harðardóttir
Sigurður Sigursveinsson
Þorbjörg Gísladóttir
Björg Árnadóttir